

Mánudaginn 23. marz 1970.

Nr. 168/1969. **Hólanes h/f**

(Benedikt Blöndal hrl.)

gegn

**Jóni Valgeirssyni og gagnsök**

(Gunnar Jónsson hrl.).

**Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara: Hæstaréttar.**

Vinnulaun. Sjóveðréttur.

### **Dómur Hæstaréttar.**

Aðaláfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 23. september 1969. Krefst hann sýknu af öllum kröfum gagnáfrýjanda og málskostnaðar úr hendi hans í héraði og fyrir Hæstarétti.

Gagnáfrýjandi hefur áfrýjað málinu með stefnu 7. október 1969. Dómkröfur hans eru þær, að aðaláfrýjanda verði dæmt að greiða honum kr. 20.881.10 ásamt 7% ársvöxtum frá 1. maí 1964 til 1. janúar 1965, 6% ársvöxtum frá þeim degi til 1. janúar 1966 og 7% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags. Þá krefst hann og málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti úr hendi stefnda. Loks krefst hann, að viðurkenndur verði sjóveðréttur í m/b Keili, AK 92, til tryggingar dæmdum fjárhæðum.

Í málinu er ágreiningslaust, að verðmæti aflahlutar gagnáfrýjanda hafi numið kr. 37.466.45. Þegar hann fór fyrirvaralaust úr skiprúmi hinn 8. apríl 1964, höfðu honum verið greiddar kr. 13.384.65 (11.500.00 + 1.884.65), en fæðiskostnaður hans var kr. 3.200.70. Kauptryggingarfé hans var kr. 8.580.20 á mánuði, en hann var lögskráður á bátinn hinn 22. febrúar 1964. Samkvæmt þessu var aðaláfrýjandi ekki í vanskilum á greiðslu kauptryggingarfjárhæðar, þegar gagnáfrýjandi lét af störfum. Með þessum athugasemdum og að öðru leyti með skírskotun til forsendna héraðsdóms þykir bera að staðfesta hann. Aðaláfrýjandi greiði gagnáfrýjanda málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 8.500.00. Samkvæmt 2.

tölulið 216. gr. laga nr. 66/1963 á gagnáfrýjandi sjóveðrétt í m/b Keili, AK 92, til tryggingar fjárhæðum þessum.

**Dómsorð:**

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Aðaláfrýjandi, Hólanes h/f, greiði gagnáfrýjanda, Jóni Valgeirssyni, kr. 8.500.00 í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Gagnáfrýjandi á sjóveðrétt til tryggingar dæmdum fjárhæðum í m/b Keili, AK 92.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

**Dómur sjó- og verzlunardóms Reykjavíkur 26. júní 1969**

Mál þetta, sem tekið var til dóms 3. júní s.l., hefur Jón Valgeirsson, Gufuskálum, Leiru, Gullbringusýslu, höfðað fyrir sjó- og verzlunardómi Reykjavíkur á hendur Þorfinni Bjarnasyni oddvita, Höfðakaupstað, f. h. Hólaness h/f, Höfðakaupstað, til greiðslu á eftirstöðvum vinnulauna samkvæmt reikningi, kr. 23.466.45, ásamt 7% ársvöxtum frá 1. maí 1964 til greiðsludags og málskostnaði að skaðlausu samkvæmt texta Lögmannafélags Íslands. Enn fremur krefst stefnandi, að viðurkenndur verði sjóveðréttur í m/b Keili, AK 92, til tryggingar tildæmdum fjárhæðum.

Við munnlegan flutning málsins lækkaði stefnandi höfuðstól dómkröfu sinnar niður í kr. 20.881.10, en gerði að öðru leyti sömu dómkröfur sem í stefnu.

Af hálfu stefnda eru þær dómkröfur gerðar, að hann verði sýknaður af kröfum stefnanda og honum tildæmdur málskostnaður að mati dómsins. Þá kveðst stefndi áskilja sér rétt til að hafa uppi gagnkröfur á hendur stefnanda, annað hvort í máli þessu með höfðun gagnsakar eða í sérstöku máli.

Stefnandi skýrir þannig frá málavöxtum, að hann hafi verið ráðinn háseti á m/b Keili, AK 92, og lögskráður á bátinn 22. febrúar á þorskanetjaveiðar. Um mánaðamót marz—apríl kveðst hann hafa verið búinn að fá greiddar hjá útgerðinni upp í kaup kr. 7.000.00 eða kr. 7.200.00. Hafi hann þá beðið skipstjóra um kr. 1.000.00 til 4.000.00, sem hann nauðsynlega hafi þurft að fá til að greiða víxil, en skipstjóri hafi ekki haft peninga, en hann

hafi sagt stefnanda, að hann skyldi fara til Reykjavíkur og tala við Guðmund Björnsson, sem verið hafi fyrir útgerð bátsins. Hafi þetta verið um 4. apríl. Stefnandi kveðst hafa talað við Guðmund, en Guðmundur hafi sagt, að hann gæti ekki látið hann hafa nema kr. 500.00, og kveðst stefnandi hafa tekið við þeirri fjárhæð. Hinn 8. apríl kveðst stefnandi hafa farið aftur til Reykjavíkur, en þá hafi verið landlega, og talað við fyrrnefndan Guðmund. Hann hafi ekki getað fengið greiddar nema um kr. 1.500.00, og kveðst stefnandi hafa beðið um meira, en Guðmundur hafi sagt, að hann hefði ekki meira til. Stefnandi kveðst þá hafa tilkynnt Guðmundi, að hann mundi hætta störfum á nefndum bát, og það hafi hann gert.

Það athugist að láðst hefur að geta um ártal í stefnu í sambandi við ráðningartíma stefnanda á m/b Keili, en samkvæmt öðrum gögnum málsins kemur fram, að það hefur verið árið 1964.

Aðilja- og vitnayfirheyrslur hafa farið fram í málinu.

Hefur stefnandi í þinghaldi hinn 11. október 1966 staðfest málavaxtalýsingu í stefnu. Kveður hann þar rétt frá greint með þeirri athugasemd, að hann telur, eftir að hann athugaði dagbók sína, að hann hafi tekið út kr. 3.000.00, en ekki kr. 1.500.00, þann 8. apríl. Í þessu sambandi var stefnanda kynnt dskj. nr. 8, sérstaklega liðurinn: „An.: Pen. útt. hjá skipstj. kr. 10.300.00“. Telur stefnandi útilokað, að hann hafi tekið út svo mikla peninga hjá skipstjóranum, en hann kveðst jafnan hafa undirritað kvittun, er hann fékk peninga hjá skipstjóranum. Þá kveðst stefnandi mótmæla fjárhæð reikningsins frá Kaupfélagi Suðurnesja, kr. 4.370.30. Telur hann útilokað, að hann hafi tekið út vörur fyrir svo háa fjárhæð hjá kaupfélaginu. Stefnandi kveðst ekki mótmæla fæðisliðnum, kr. 3.200.70, en hins vegar öllum síðari liðum reikningsins sem röngum og þýðingarlausum fyrir málið. Hann segir, að báturinn hafi verið gerður út á þessari vertíð frá Grindavík, en telur, að skráð hafi verið á bátinn á Skagaströnd. Kveðst stefnandi ekki muna nákvæmlega, hver umsamin kauptrygging hafi verið, en hann telur, að stefnda hafi verið skylt að greiða kauptrygginguna hálfsmánaðarlega, en á því hafi orðið vanefndir. Stefnandi kveðst hafa lýst því yfir við skipstjóran og Guðmund Björnsson, áður en hann fór úr skiprúminu, að hann mundi fara af bátinum, ef hann fengi ekki kaup sitt greitt með skilum. Þessar yfirlýsingar kveðst hann hafa gefið fyrir mánaðamótin marz—apríl 1964.

Guðmundur Björnsson, framkvæmdastjóri Hólaness h/f, hefur

komið fyrir dóm í máli þessu hinn 1. nóvember 1967. Var honum þá sýndur yfirlitsreikningur á dskj. nr. 8. Af því tilefni segir hann, að fjárhæðin kr. 10.300.00, sem um getur í reikningsyfirlitinu, hafi hann fengið uppgefna hjá skipstjóranum í gegnum síma, en þegar skipstjórinn hafi skilað af sér kvittunum fyrir úttekt skipsmanna, hafi hann aðeins haft kvittanir frá stefnanda að fjárhæð samtals kr. 8.500.00 og eigi þessi liður því að lækka um kr. 1.800.00.

Framkvæmdastjórinn segir, að kvittanirnar dskj. nr. 13 og 14 hafi skipstjóri á skipinu, Gunnar Sveinsson, afhent honum með þeim ummælum, að stefnandi hafi ekki gefið kvittanir fyrir þeim fjárhæðum, kr. 1.500.00 og kr. 1.000.00, sem á kvittununum greinir, og hafi hann (skipstjórinn) því undirritað kvittanir sjálfur. Framkvæmdastjóranum var sýnt dskj. nr. 20, sem lögmaður stefnda kveður hluta af fjárhæðinni kr. 4.370.30 á reikningsyfirlitinu dskj. nr. 8. Gerir framkvæmdastjórinn þá grein fyrir þessum reikningi, að stefnandi hafi mælt með Sigurði Axelssyni sem háseta í skiprúm á m/b Keili við skipstjóran í símtali og tekið ábyrgð á Sigurði sem vönum manni. Reyndin hafi orðið sú, að Sigurður Axelsson hafi farið með skipinu í þrjá róðra, en vart komizt úr rúmi sakir sjóveiki, og eftir þessa þrjá róðra hafi hann verið látinn í land. Hann hafi hins vegar tekið út vörur hjá Kaupfélagi Suðurnesja, eins og dskj. nr. 20 beri með sér, og þar sem hann hafi ekki átt rátt á neinu kaupi fyrir þessa þrjá sjóróðra, hafi stefndi skuldfært stefnanda fyrir úttekt Sigurðar. Framkvæmdastjórinn segir, að liðurinn: „Sóttur maður til Skagastrandar“ sé þannig til kominn, að han kveðst sjálfur hafa ekið norður á Holtavörðuheiði til þess að sækja háseta í staðinn fyrir stefnanda, en háseti þessi, Jón Þorgeirsson, hafi verið fluttur til móts við hann á Holtavörðuheiði og hafi félagið greitt kr. 1.000.00 fyrir flutning Jóns út á Holtavörðuheiði, en stefndi hafi áætlað kostnað við ferðina norður á heiði kr. 2.000.00 og þá miðað við verð bílaleigubíla. Framkvæmdastjórinn segir, að næstu reikningsliðir á dskj. nr. 8, kr. 1.430.10, kr. 9.750.00 og kr. 585.00, séu þær fjárhæðir, sem Jóni Þorgeirssyni hafi verið greiddar, á meðan hann var á skipinu, umfram venjulegan aflahlut. Framkvæmdastjórinn man ekki, hver aflahlutur Jóns var. Jón Þorgeirsson hafi þurft að fara af skipinu 2. maí vegna fermingarathafnar á barni hans og hafi útgerðin því lagzt niður, þar sem ekki hafi verið hægt að fá annan háseta á skipið, en staðið hafi til að gera bátinn út til 11. maí. Þá segir framkvæmdastjórinn

til frekari skýringar, að Jón Þorgeirsson hafi ekki viljað fara á bátinn, nema hann fengi sitt fulla kaup sem vélstjóri við frystihús stefnda á Skagaströnd ásamt orlofi og fríu fæði um borð auk fulls aflahlutar. Segir framkvæmdastjórinn, að liðurinn: „Aflatjón útgerðar (10 tonn) kr. 18.000.00“ sé tjón útgerðarinnar, lágt áætlað, vegna þess að í róðri þeim, sem skipið hafi farið án stefnanda og meðan verið var að ná í mann í hans stað, hafi ekki verið hægt að færa til net skipsins, sem legið hafi í sjó, vegna mannfæðar, en þennan dag hafi bátar í Grindavík, sem verið hafi með net á svipuðum slóðum og Keilir, flutt net sín á önnur mið og haft miklu meiri afla en Keilir í net sín á upphaflega staðnum. Þá lætur framkvæmdastjórinn þess getið, að á reikningsyfirlitinu sé síðan tilgreint það tjón, sem útgerðin hafi orðið fyrir síðustu daga vertíðarinnar, eftir að Jón Þorgeirsson hafi farið af skipinu.

Skýrsla stefnanda í þinghaldi 11. október 1966 var lesin fyrir framkvæmdastjóran, Guðmund Björnsson, og neitar hann því, að stefandi hafi beðið sig um peninga og ekki fengið þá, og jafnframt kveðst framkvæmdastjórinn eindregið neita því, að stefnandi hafi gefið yfirlýsingar í þá átt, að hann færi af skipinu, ef hann fengi ekki kaup sitt greitt með skilum, hvorki fyrir mánaðamótin marz—apríl 1964 né í annað sinn. Telur framkvæmdastjórinn, að stefndi hafi ekki verið í vanskilum við stefnanda um kaupgreiðslur á vertíðinni. Þá tekur framkvæmdastjórinn fram, að stefnandi hafi horfið úr skiprúminu án þess að tala við sig eða skipstjóran, Gunnar Sveinsson. Framkvæmdastjórinn segir, að báturinn hafi fiskað vel framan af vertíðinni, en heldur síður, þegar leið á vertíðina.

Stefnandinn, Jón Valgeirsson, kom aftur fyrir dóm í málinu hinn sama dag og framkvæmdastjórinn, Guðmundur Björnsson, þ. e. 1. nóvember 1967.

Voru honum þá sýndar kvittanir dskj. nr. 9—17. Segir stefnandi, að í eitt sinn hafi ekki verið til kvittanahefti um borð í skipinu og hafi skipstjórinn í það skipti afhent honum kr. 1.500.00 og skrifað kvittun á laust blað. Næst kveðst hann hafa fengið kr. 500.00 um miðjan marz og hafi þá verið útbúna 2 kvittanir, hvor að fjárhæð kr. 1.000.00, og kveðst stefnandi hafa undirritað þær. Stefnandi var nú beðinn að benda á þessar tvær 1.000.00 kr. kvittanir á dskj. nr. 9—17, og benti hann á dskj. nr. 15 og telur, að þar sé um aðra kvittunina að ræða, en hann kveðst ekki hafa séð texta hinnar kvittunarinnar, sem skipstjórinn útbjó

1 umrætt sinn. Þá voru stefnanda sýnd dskj. nr. 13 og 14, og var hann spurður að því, hvort hann neiti að hafa tekið út hjá skipstjóranum fjárhæðirnar, sem skipstjórinn hefur kvittað fyrir sjálfur, auk fjárhæðanna á dskj. nr. 9—12. Kveðst stefnandi neita að hafa tekið út fjárhæðirnar á dskj. nr. 13—14. Stefnandi, sem staddur var við yfirheyrsluna á framkvæmdastjóranum, Guðmundi Björnssyni, var spurður að því, hvort hann héldi fast við það, að hann hefði gefið Guðmundi Björnssyni þá yfirlýsingu fyrir mánaðamótin marz—apríl 1964, að hann mundi fara af bátnum, ef hann fengi ekki kaup sitt greitt með skilum, og kvaðst stefnandi halda fast við fyrri staðhæfingu sína um, að hann hafi um mánaðamótin marz—apríl gefið slíka yfirlýsingu við Guðmund, en hann hafi farið bæði fram á við skipstjóran og Guðmund að fá 4.000.00 til 5.000.00 kr. til þess að greiða vixil, sem hafi fallið á hann. Þá kvaðst stefnandi hafa sagt við Guðmund þann 8. apríl, að ef hann gæti ekki fengið meiri peninga en hann fékk afhenta þá, þá yrði hann að fara af bátnum, en stefnanda minnir fastlega, að Guðmundur hafi þá afhent honum kr. 3.000.00. Stefnandi segir, að hann hafi verið undir áhrifum áfengis, það er hann kveðst hafa „smakkað það“, en ekki hafi hann verið svo ölvaður, að hann hafi ekki vitað, hvað hann gerði, þegar hann átti síðasta viðtalið við Guðmund Björnsson. Að því er varðar dskj. nr. 20 segir stefnandi, að hann hafi ekkert mælt með Sigurði Axelssyni við skipstjóran sérstaklega, en Sigurður hafi sjálfur talað við skipstjóran, og kveðst stefnandi ekki hafa heyrt, hvað þeim fór á milli í símanum. Stefnandi tekur fram, að Sigurður Axelsson muni ekki hafa fengið að taka með sér neitt af því, sem hann hafði tekið út, sbr. dskj. nr. 20, þegar hann fór af skipinu, og hafi skipstjórinn látið þau orð falla, að Sigurður hefði ekki unnið fyrir varningi þessum.

Við sampröfun stefnanda og framkvæmdastjórans, Guðmundar Björnssonar, neitaði framkvæmdastjórinn því eindregið, að stefnandi hafi látið liggja að því á nokkurn hátt, að hann mundi fara af skipinu. Þvert á móti hafi stefnandi haft orð á því, hve mikið þeir ætluðu að fiska á bátnum á vertíðinni. Stefnandi hélt hins vegar fast við, að hann hefði gefið slíka yfirlýsingu, eins og áður er greint frá, og náðist ekki samræmi.

Stefnandi gerir svofellda grein fyrir dómkröfu sinni, að kaup hans frá 22. febrúar 1964 til 8. apríl sama ár hafi numið kr. 37.466.45. Frá þeirri upphæð dragist fæðiskostnaður umrætt tímabil, kr. 3.200.70, peningaúttekt hjá útgerð m/b Keilis, kr. 11.500.00,

og úttekt hjá Kaupfélagi Suðurnesja, kr. 1.884.65, samtals kr. 16.585.35. Mismuninn, kr. 20.881.10, kveðst stefnandi ekki hafa fengið greiddan enn.

Stefndi styður hins vegar sýknukröfu sína þeim rökum, að eins og fram komi af yfirlitsreikningum á dskj. nr. 8, þá skuldi stefnandi sér fé. Sé augljóst, að stefnandi hafi valdið sér miklu tjóni með því að hlaupast fyrirvaralaust úr skiprúmi og nemi það tjón miklu hærru upphæð en stefnandi hafi átt inni, þegar hann hafi hlaupizt á brott. Á þessum tíma vertíðar hafi menn verið ófáanlegir í hans stað nema með afarkjörum, sem grípa hafi þurft til, þannig að útgerð bátsins stöðvaðist ekki vegna manneklú, og hafi tjón það, sem af því hafi leitt, orðið nær óbætanlegt.

Samkvæmt því, sem fram kemur í málinu, hefur stefnandi farið úr skiprúmi hjá stefnda fyrirvaralaust, og kveðst hann hafa gripið til þess ráðs af þeim sökum, að stefndi hafi ekki greitt honum reglulega kauptrygginguna. Kveðst stefnandi hafa tilkynnt stefnda, rúmri viku áður en hann fór úr skiprúmi, að hann mundi hafa þennan hátt á, ef hann fengi ekki reglulega greidda trygginguna.

Því hefur hins vegar verið neitað af hálfu stefnda, að stefnandi hafi nokkru sinni gefið slíka yfirlýsingu, og er það því alveg ósannað, að svo hafi verið. Þá verður ekki séð af gögnum málsins, samanber einkum kvittanir á dskj. nr. 9—19, að vanskil hafi verið á greiðslu kauptryggingar, að minnsta kosti ekki svo að neinu verulegu næmi.

Verður því ekki séð, að forsendur þær, sem stefnandi ber fyrir sig, hafi verið fyrir hendi til fyrirvaralausrar brottfarar úr skiprúmi né heldur aðrar ástæður, sem réttlæti slíka framkomu.

Þrátt fyrir þetta verður þó eigi fallizt á, að stefnandi verði gerður ábyrgur fyrir öllu því tjóni, sem stefndi telur sig hafa orðið fyrir vegna framangreindrar hegðunar hans. Kemur þar hvort tveggja til, að ósannað er, hversu hárru fjárhæð raunverulegt tjón stefnda af þessum sökum kann að hafa numið, til dæmis að því er varðar hugsanlegt aflatjón, auk þess sem ekki þykir verða litið svo á, að stefnandi beri ábyrgð á gerðum annars manns, sem ósannað er, að hann hafi átt nokkurn þátt í að ráða.

Eigi að síður voru aðgerðir stefnanda til þess fallnar að valda stefnda tjóni, og þykir raunar mega telja fullvíst, að stefndi hafi eitthvert fjárhagslegt tjón af þeim beðið, ekki sízt, þegar litið er til þess, að erfitt var að fá menn í skiprúm á þessum tíma vegna skorts á vinnuafli.

Með tilliti til þess, sem nú hefur verið rakið, þykir eðlilegt að meta stefnanda til einhverrar lækkunar á stefnukröfunni áður greinda framkomu hans gagnvart stefnda í máli þessu, þar sem fullvíst má telja, eins og áður segir, að hún hafi valdið stefnda beinu fjárhagslegu tjóni að einhverju leyti.

Þykir samkvæmt þessu hæfilegt að dæma stefnanda sem fulla greiðslu í máli þessu kr. 14.000.00 ásamt 7% ársvöxtum frá 1. maí 1964 til 1. janúar 1965, 6% ársvöxtum frá þeim degi til 1. janúar 1966 og 7% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags.

Eftir þessum úrslitum ber að dæma stefnda til að greiða stefnanda málskostnað, sem þykir hæfilega ákveðinn kr. 4.500.00.

Á stefnandi sjóveðrétt í m/b Keili, AK 92, til tryggingar til dæmdum fjárhæðum.

Valgarður Kristjánsson borgardómari kvað upp dóm þennan ásamt meðdómendum Eiríki Kristóferssyni skipherra og Guðmundi Hjaltasyni skipstjóra.

#### Dómsorð:

Stefndi, Hólanes h/f, greiði stefnanda, Jóni Valgeirssyni, kr. 14.000.00 ásamt 7% ársvöxtum frá 1. maí 1964 til 1. janúar 1965, 6% ársvöxtum frá þeim degi til 1. janúar 1966 og 7% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags og kr. 4.500.00 í málskostnað.

Á stefnandi sjóveðrétt í m/b Keili, AK 92, til tryggingar á fjárhæðum þessum.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.